

Tillaga til ályktunar

Almenningssamgöngur eru ferðamáti framtíðarinnar. Almenningsamgöngur stuðla að minni mengun, fegurri borgum og bæjum og ekki síst, betra mannlífi. Fleiri og fleiri kjósa þennan ferðamáta og með tilkomu borgarlínu munu ugglaut mikið fleiri kjósa almenningsamgöngur fyrir sig og sína.

Kostnaður í almenningssamgangakerfin er þónokkur en skynsamlegast er að kaupa árskort en það kostar eigi að síður 74.800.- kr samkvæmt gjaldská Strætó. Þetta er upphæð sem skiptir máli fyrir tekjulága og margir eiga erfitt með að staðgreiða árskort í strætó. Til að komast til móts við þennan hóp, sem er um leið sá hópur sem skilur eftir sig hvað minnst kolefnaspor, væri ákjósanlegt að gera kaup á árskortum í strætisvagna, frádráttarbær frá skatti. Þetta kallar á samstarf millil sveitarfélaga og ríkisins en er vel framkvæmanlegt. Höfum í huga að ríkt fólk hefur út ótal möguleikum að velja vilji þau lækka þá skatta sem þeim ber að greiða. Fátækir hafa úr engu slíku að móða. Með þessari tillögu gætu fátækir greitt 74.800 krónum minna í skatt en ella.

Flokkstjórn Samfylkingarinnar ályktar að árskort í almenningssamgöngur verði frádráttarbærar frá skatti.